

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 63/2023

2023/EES/77/35

frá 17. mars 2023

um breytingu á XI. viðauka (Rafræn fjarskipti, hljóð- og myndmiðlun og upplýsingasamfélagið)
og bókun 37 (sem inniheldur skrána sem kveðið er á um í 101. gr.) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 11. júní 2019 um að koma á fót hópi til að marka stefnu varðandi tíðniróf fyrir þráðlausar sendingar og fella niður ákvörðun 2002/622/EB ⁽¹⁾.
- 2) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 11. júní 2019 fellir úr gildi ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2002/622/EB ⁽²⁾, sem hefur verið tekin upp í EES-samninginn og ber því að fella gerðina brott samkvæmt samningnum.
- 3) XI. viðauki og bókun 37 við EES-samninginn breytast því í samræmi við það,

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Eftirfarandi kemur í stað texta liðar 5ch (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2002/622/EB) í XI. viðauka við EES-samninginn:

„**32019 D 0612(01)**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 11. júní 2019 um að koma á fót hópi til að marka stefnu varðandi tíðniróf fyrir þráðlausar sendingar og fella niður ákvörðun 2002/622/EB (Stjtið. ESB C 196, 12.6.2019, bls. 16).

Tilhögun samstarfs EFTA-ríkjanna í samræmi við 101. gr. samningsins:

EFTA-ríkin skulu taka fullan þátt í störfum hópsins til að marka stefnu varðandi tíðniróf fyrir þráðlausar sendingar og skulu innan hans hafa sömu réttindi og skyldur og aðildarríki ESB, án atkvæðisréttar. Fulltrúar EFTA-ríkjanna eiga ekki rétt á að gegna formennsku í stjórn hópsins til að marka stefnu varðandi tíðniróf fyrir þráðlausar sendingar eftirlitsaðila eða í undirhópum hans.

Ákvæði ákvörðunarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

Ákvæði 4. mgr. 2. gr. gilda ekki að því er varðar EFTA-ríkin.“

2. gr.

Í 16. lið bókunar 37 við EES-samninginn koma orðin „ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 11. júní 2019“ í stað orðanna „ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2002/622/EB“.

3. gr.

Texti ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar frá 11. júní 2019, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, er gildur á íslensku og norsku.

4. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 18. mars 2023, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

⁽¹⁾ Stjtið. ESB C 196, 12.6.2019, bls. 16.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 198, 27.7.2002, bls. 49.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

5. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 17. mars 2023.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Nicolas von Lingen

formaður.